

Nd.
um Laxárvirkjun.

391. Frumvarp til laga

[207. mál]

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Laxárvirkjun er sameignarfyrtæki ríkisins, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna. Ríkið og Akureyrarkaupstaður eiga sinn þriðja hlutann hvor, en Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjasýsla og Eyjafjarðarsýsla hver sinn níunda hluta. Eignir og virkjunarskuldir Laxárvirkjunar, eins og þær eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu skiptast samkvæmt nefndum eignarhlutföllum án greiðslna milli eignaraðila, en skvldi ríkið Laxárvirkjun til gerðar fiskvegjar upp Laxárgljúfur og/eða skaðabóta til Landeigendafélags Laxár- og Mývatnsbænda án dómsúrskurðar, skal það bera eitt kostnað af slíku.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra, svo sem Laxárvirkjun III gerir ráð fyrir, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósá. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisafstöð þar og aukningar mannvirkja þessara. Einnig gufuafsstöðin í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þyki tímabært, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun víðar en nú er, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þeim landshlutum, sem lagt er til. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

3. gr.

Eignaraðilar Laxárvirkjunar, sbr. 1. gr., eru hver um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum hennar.

4. gr.

Laxárvirkjun er heimilt að fullljúka Laxárvirkjun III, svo sem hún hefur verið hönnuð, og fylgir þeirri heimild sú skylda að Laxárvirkjun veiti ábúendum nú byggðra jarða í Laxárdal endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu, hita).

Enn fremur er Laxárvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Ekki skal stefnt að frekari virkjun í Laxá en Laxárvirkjun III, nema síðar náist um annað samkomulag héraðsbúa og stjórnvalda.

5. gr.

Framkvæmdir við orkuver og aðalorkuveitur eru bundnar leyfi orkumálaráðherra hverju sinni.

Áður en ný mannvirki eru hafin, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Laxárvirkjun senda orkumálaráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhugun mannvirkja, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna. Laxárvirkjun skal hafa samráð við náttúruverndarráð Þingeyjarsýslu og Náttúruverndarráð Íslands um landsnyrtingu umhverfis mannvirki sín í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa.

6. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð 7 mönnum. Skal ríkið skipa 2 menn, Akureyrarkaupstaður 2 og Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjarsýsla og Eyjafjarðarsýsla 1 mann hver. Stjórnin kys sér sjálf formann og varaformann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár, og fer kjör fram eftir hverjar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki tvo endurskoðendur af sinni hálfu til að endurskoða reikningana.

7. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvers um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgð eru minni en sem svarar 5 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

8. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar ákveður, í samráði við yfirstjórn efnahags- og verðlagsmála, heildsöluverð Laxárvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess, að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

9. gr.

Við virkjun Laxárvirkjunar í Laxá við Brúar, sbr. 4. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisafstöðva Laxárvirkjunar á Akureyri. Sama gildir, ef um stækkun gufuafsstöðvarinnar verður að ræða.

Flytji Laxárvirkjun inn vinnuvélar vegna virkjunarframkvæmda sinna, skal hún njóta sömu kjara um aðflutningsgjöld og Landsvirkjun nýtur hverju sinni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki nauðsynleg lán til lúkningar Laxárvirkjun III og endurláni Laxárvirkjun til raforkuframkvæmdanna með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til að tryggja hag ríkissjóðs. Ef hentara þykir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sé lántakandi og að ríkissjóður taki á sig sjálfskuldarábyrgð á lánum hennar allt að sömu upphæð.

11. gr.

Laxárvirkjun lýtur sömu reglum og Landsvirkjun hvað snertir tekjuskatt, stimpilgjöld, útsvar, aðstöðugjald og önnur gjöld til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

12. gr.

Orkumálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Laxárvirkjunar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 2. maí 1965, um Laxárvirkjun.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem margoft hefur komið fram, ríkir nú algert neyðarástand í orkumálum á orkuveitusvæði Laxár, sem og raunar Norðurlandi öllu. Fljótlegasta og langóðýrasta úrlausnin um næstu ár er að fullgera Laxárvirkjun III, sem svo er kölluð, en þar er umdeilt mannvirki, 23 m stífla í Laxárgljúfrum við Brúar, og hefur svo nefnt Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda, og alveg sérstaklega formaður þess, sett sig mjög á móti stíflugerð þessari. Hefur ríkisvaldið nú eytt nær 4 árum í það að ná samkomulagi við stjórn þessa félags um virkjunarmálin, og er nú sýnt, að það er með öllu vonlaust, að hagfelld lausn fáist, en á meðan hefur orkuskortur hraðaukizt á Laxárvirkjunarsvæðinu.

Enda þótt samkomulagsvilji ríkisins sé allra góðra gjalda verður, er það mjög umdeilt, að Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda sé gildur aðili að virkjunarmáli þessu, því að ríkið og Laxárvirkjun eiga allt það land og hefur á sinni hendi virkjunarrétt Laxár. Þar sem virkjunin á að gerast, en vatnalög kveða þannig á um þetta atriði í 49. og 50. gr.:

Úr 49. gr. Vatnalaga:

„Eiganda landareignar, sem vantsréttindi fylgja, svo og óskum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla (vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar í áveitur) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi. —“

Og úr 50. gr.:

„Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkv. 49. gr., enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.“

Umráðaréttur ríkisins og Laxárvirkjunar á Laxá fyrir landi sínu er þannig óumdeilanlegur samkvæmt vatnalögum, leyfi til að reisa stíflu og veita ánni úr farvegi sínum, enda sé henni veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, og er hvergi gegn þessu brotið. Samt hefur forráðamönnum Landeigendafélagsins verið látið haldast uppi að tefja brýnar framkvæmdir í virkjunarmálum Norðlendinga, öllum til stórtjóns, og er nú þolinmæði almennings alveg á þrotum gagnvart þessu ófremdarástandi. Við þetta bætist, að nú hafa þessir virkjunarhindrendur heimtað stórfelldar skaðabætur í eigin vasa og málþófskostnað, auk fiskvegjar frá Neðri-Laxá upp í Efri-Laxá, þangað sem lax hefur aldrei gengið. Virðist almennungi ofríkið orðið nokkuð valdamikið í landinu, ef færa á því á silfurdiski bætur fyrir ósannaðan skaða, málþófskostnað fyrir að hindra löglegar virkjunarframkvæmdir í almannaþágu og loks búa því ókeypiss fiskveg milli ólíkra lífkerfa árinna. Er nú svo komið, að fjölmörgum kjördæmisbúum á Norðurlandi eystra finnst sjálfsagt, að höggvið sé á þennan vandræðahnút með lagasetningu, þar sem Laxárvirkjun III sé leyfð, og látið á það reyna, hvort nokkurt tjón hlýzt af, sem bótavert þyki að dómi óvilhallra matsmanna.

Svo sem kunnugt er, hafa tvær virkjanir verið reistar í Laxá við Brúar: Laxárvirkjun I 4000 kw, og Laxárvirkjun II 8000 kw. Nær lokið er og 1. áfanga Laxárvirkjunar III, og á hann að gefa 6500 kw orku. Eftir er þá að reisa hina umdeildu 23 m stíflu og vélbúa virkjunina til að nota það aukna fall og vatnsjafnvægi, sem stíflan gefur, en það mun gefa um 19000 kw, og sjá þá væntanlega allir, hvíllik fásinna er, að hætta Laxárvirkjun III að loknum aðeins 1. áfanga, þeim raunverulega dýrasta, en nota ekki þá fljótgerðustu og ódýrustu lausn á bráðum orkuskorti að ljúka 2. og 3. áfanga.

Auk hinna 12000 kw þegar virkjaðra í Laxá og 6500 kw nær virkjaðra á Laxárvirkjun 1500 kw gufuaflsstöð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og 7500 kw dísilrafstöð á Akureyri. Þessa olíurafstöð hefur orðið að keyra nær linnulaust að fullu, svo dýr raforkuframleiðsla sem það er. En beri nokkuð út af með rennsli í Laxá, en misrennsli í henni óx við það, að stíflumannvirki voru sprengd fyrir nokkru við Mývatnsósa, svo sem frægt varð, þá verður orkuskortur á virkjunarsvæðinu, og varð svo t. d. dögum saman í vetur til stórtjóns atvinnulífi og mikilla óþæginda í heimilishaldi almennings.

Nú hefur Norðlendingum verið lofað rafmagn frá Sigölduvirkjun, sem enn er óhafin og ekki vitað, hvenær verður byrjað á. Einnig stendur yfir byrjunarathugun á línustæði norður frá hinni fyrirhuguðu Sigölduvirkjun, en alls óvíst, hvenær henni þyki fulllokið. Þá setur það geig í margan Norðlendinginn, að stórbílanir urðu í vetur á háspennulínu frá Búrfellsvirkjun til Reykjavíkur, svo að orkuþurrð varð af. Hvernig verða Norðlendingar settir með raforku sína, leidda um langan veg sunnan yfir fjöll, ef sú lína bílar á reginsöndum í stórviðri? spyrja margir með kvíða. Hvar verða þeir staddir með iðnað sinn, hvar með framtíðarhorfur um aukna iðnaðarframleiðslu, hvar með öryggi um rafmagn til húsa hitunar, búrekstrar og venjulegra heimilisnota? Verða þeir neyddir til að búa öll sjúkrahús sín og viststofnanir sérdísilrafstöðvum, svo að lífshættu af skyndilegri bilun á raflinum verði bægt frá? Hvað á hin hundrad milljón króna dýra raflína, sem á s. l. hausti var lögð frá Akureyri til Skagafjarðar, að standa lengi ótengd og öllum gagnslaus vegna þess, að orka fyrirfinnst engin til að flytja?

Því verður ekki trúað að óreyndu, að löggjafarvald þjóðarinnar telji sér þetta mál óviðkomandi, nú þegar það er komið í algera sjálfheldu. Væri ugglaut skynsamlegt, að þingmannanefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, brygði sér hið hvatasta á Laxárvettvang og kynnti sér málið af eigin raun og gæfi Alþingi skýrslu. En viðbragðsfljót þarf sú nefnd að vera. Málið þolir enga bið.

Að lokum fylgir hér útdráttur úr bókun rafveitustjórnar Akureyrar til bæjarstjórnar Akureyrar, gerðri á fundi í febr. s. l. Sýnir bókunin vel hinn mikla vanda, sem orkuskorturinn býr íbúum á Laxárvirkjunarsvæðinu:

„Rætt var um beiðni frá byggingarverktökum um rafhitun í fjölbýlishúsum á Lundstúni.

Eftir miklar umræður um málið og hitunarmál almennt var samþykkt að gera eftirfarandi bókun:

Fyrirspurnir hafa borizt um, hvort rafmagn verði fánlegt til húshitunar í fjölbýlishúsum í hinu nýja hverfi á Lundstúni.

Sé tekið mið af þróun undanfarinna ára, má búast við, að mikill meiri hluti húsbyggjenda á þessu svæði muni óska eftir rafmagn til húshitunar. Í þessu hverfi er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum og raðhúsum auk skóla, félagsheimila og verksmiðju Sjálfbjargar. Reiknað er með, að fjöldi íbúða geti orðið 720—740 og íbúafjöldi allt að 3000 manns. Verði hverfið að langmestu leyti rafhitað eins og Gerðahverfi II, má gera ráð fyrir, að aflþörf vegna þess verði 3000—4000 kw og orkunotkun 10—13 milljónir kwst. á ári. Til samanburðar má geta þess, að heildarafhlans nýja áfanga Laxárvirkjunar er 6500—7000 kw og árlega orkuframleiðsla um 50 milljón kwst. Þá skal þess getið, að ófullnægð orkuþörf Iðunnar og annarra verksmiðja S.Í.S. mun innan tíðar verða allt að 2—3 mw og um 3—4 milljónir kwst. á ári, og áætlað er, að orkuframleiðsla varastöðvarinnar á Oddeyri á þessu ári verði um 7 milljón kwst., miðað við, að nýja virkjunin hefji framleiðslu fyrir næsta vetur.

Vegna hinnar miklu óvissu, sem nú ríkir í rafmagnsmálum Norðlendinga, hvað snertir raforkuöflun, rekstraröryggi og jafnvel orkuverð, ef um raforkukaup frá Landsvirkjun verður að ræða, getur rafveitustjórn nú ekki leyft raforkusölu til húshitunar í þessu hverfi, enda gæti sú sala leitt til verulegra erfiðleika á orkusvæðinu, a. m. k. um tíma.

Vegna þess, að hér er um verulegt hagsmunamál að ræða, að aukin húshitun með rafmagn er yfirlýst stefna stjórnvalda landsins og að hér er e. t. v. um að ræða stærstu einingu íbúðabygginga, sem til greina kemur að hituð verði með rafmagn á næstu árum hér á landi, vill rafveitustjórn vekja athygli bæjarstjórnar á þessu máli. Kemur þá til álita, hvort bæjarstjórn Akureyrar geti beitt áhrifum sínum til þess, að lausn fái st á því óvissuástandi, sem nú ríkir í þessum málum og verður að teljast með öllu óviðunandi.“

Nokkrar skýringar við frumvarpsgreinarnar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun verði sameign ríkis, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna, þannig að notendasvæðið allt verði eignaraðili að virkjuninni, en ekki ríkið og Akureyrarkaupstaður ein. Eignahlutföll eru skilgreind, en ekki gert ráð fyrir neinum milligreiðslum vegna eignayfirfærslna, enda mun fyrirtækið hafa fjármagnað sig af raforkusölu til neytenda sinna frá upphafi, ríkið t. d. aldrei greitt neitt fyrir sinn eignarhluta úr hendi Akureyrarkaupstaðar nema með fyrirgreiðslu til virkjunarinnar um lán, sem neytendurnir hafa svo staðið undir. Eðlilegra og sanngjarnara er talið, að notendasvæðið allt verði hér eignaraðili að, svo sem málum er nú komið, og að það mundi vinsælla eignarfyrirkomulag í héraði en hitt, sem nú gildir. Telji ríkisvaldið rétt,

að mæta Landeigendafélagi í einhverju, er hér talið eðlilegt, að það sé mál þess og þeirra.

Um 2. gr.

Hér er um enga efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Engin efnisbreyting.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun III verði heimiluð, þ. e. auk jarðganga þeirra, er þegar hafa verið gerð, stöðvarbyggingar og vélbúnaðar að 1. áfanga verði 2. og 3. áfangi Laxárvirkjunar III lögleyfðir, þ. e. 23 m stíflugerð í Laxárgljúfrum með tilheyrandi vatnsborðshækkun, sem þó hvergi setur nytjaland í kaf og spillir engri bújörð, ásamt vélbúnaði til að beyzla þá orku, er þannig fæst, um 19000 kw, auk 6500 kw 1. áfanga. Hér er um langódýrustu og fljótgerðustu lausn að ræða á bráðasta orkuskorti á Norðurlandi. Ekki þykir ósanngjarnt til að stuðla að góðum nágrannaanda, að ábúendur jarða í Laxárdal fái endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu og hita) og þeir fái á þennan hátt bætt hugsanlegt tjón á silungsveiði vegna vatnsborðshækkunar í ánni af virkjuninni. Rétt þykir að binda þetta við ábúendur, svo að þessi hlunnindi stuðli ekki að óeðlilegri verðhækkun jarða í Laxárdal, heldur styrki fyrst og fremst búsetu á jörðunum.

Um 5. gr.

Rétt þykir, til að eyða tortryggni um annað, að taka fram, að ekki skuli stefnt að frekari virkjun í Laxá, nema um slíkt náist samkomulag við héraðsbúa síðar. Einnig þykir rétt, að lögskilið sé, að landsnyrting umhverfis mannvirki Laxárvirkjunar í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa fari fram í samráði við náttúruverndarráð.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að stjórnarmenn verði 7 í stað 5 nú, og er sú breyting gerð vegna breyttrar eignaraðildar.

Um 7. gr.

Engin breyting, nema hækkað er það mark skuldbindinga, sem Laxárvirkjunarstjórn má leyfa sér að binda eigendur um án heimildar hvers og eins. Er hækkinunin vart eða ekki meiri en rýrnun krónunnar hefur orðið, síðan núgildandi ákvæði voru sett.

Um 8. gr.

Engin efnisbreyting.

Um 9.—14. gr.

Þurfa ekki nánari skýringa við, nema þar er kveðið svo á, að friðindi og kvaðir Laxárvirkjunar skuli vera hinar sömu og Landsvirkjunar, eftir því sem við getur átt.